

Nr. 064 / 14 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1972 *IMO nr.* 8709810
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
Mesta lengd: 47,9 m *Skráð lengd:* 39,3 m
Breidd: 11 m *Dýpt:* 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. desember 2013 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 á togveiðum í Víkurál. Veður: SV 3-5 m/s og ölduhæð 1 m.

Skipverji var að huga að roðflettingavél á vinnslupilfari þegar hann veitti því athygli að einn valsinn slóst óeðlilega til og í ljós kom að mikið slit var komið í legu hans. Hann ákvað að smyrja vél í leguna til að fresta viðgerð þar til betur stæði á vegna vinnslunnar en við það náði tannhjól valsins að grípa í vettling hans með þeim afleiðingum að vísifingur hægri handar skarst og marðist nokkuð.

Við rannsókn kom fram:

- að nauðsynlegt þótti að hafa vélina í gangi þegar hún var smurð til að feitin dreifðist betur auk þess sem betra er að sjá slit í legum þannig;
- að vélin er ekki ræst við hana sjálfa en rofi er á henni til að stöðva hana;
- að merking var við vélina um að hún sé stöðvuð meðan hún er þjónustuð;
- að slasaði var vanur og hann kvaðst ekki hafa verið nægjanlega gættinn við verkið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.